

# Fundur í foreldraráði Lundarsels-Pálmholts

mánudaginn 7. nóvember 2022 kl. 15.15

fundur haldinn að Sjónarhóli (skrifstofur stjórnenda)

**Pátttakendur:** Aðalbjörn Hannesson, Andrea Ösp Andradóttir, Ragna Kristín Jónsdóttir, Björg Sigurvinsdóttir, leikskólastjóri – Helga María Þórarinsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

## Dagskrá:

- 1. Fundur settur. Foreldraráð skiptir með sér verkum, formaður, ritari og meðstjórnandi**  
Björg og Helga María tilkynna að Sindri Kristjánsson sé hættur í foreldraráði vegna hagsmunaáreksturs þar sem hann er varabæjarfulltrúi og varamaður í skipulagsráði.

Andrea Ösp verður formaður, Aðalbjörn verður ritari og Ragna Kristín meðstjórnandi í foreldraráði Lundarsels-Pálmholts 2022-2023.

Helga María mun óska eftir fjórða meðliminum í foreldraráð.

Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins og lýsti fundarstjóri hann lögmætan þar sem löglega var til hans boðað.

- 2. Foreldraráð skrifi undir þagnarskyldu**

- 3. Hver getur verið fulltrúi foreldraráðs í Fræðslu- og lýðheilsuráði?**

Leiksskólarnir á Akureyri skiptast á að vera með fulltrúa úr foreldraráði í Fræðslu- og lýðheilsuráði. Lundarsel-Pálmholt er með fulltrúa á þessu skólaári.

Andrea Ösp og Ragna Kristín verða fulltrúar Lundarsels-Pálmholts.

- 4. Starfsmannamál**

Lundarsel-Pálmholt er með 54,4% hlutfall kennara menntaðra starfsmanna í leikskólanum, miðað við lykiltölur 1. október 2022. Auk þess eru 4,26% í langtímaveikindaleyfi. Leikskólinn er yfir meðaltali miðað við Akureyrarskólana hvað fagmenntun varðar. Sjá fylgiskjal.

Elísa Dröfn Tryggvadóttir, deildarstjóri Greniholts er að hætta hjá okkur 10. nóv. Hún er að fara að kenna í Glerárskóla. Andrea Ösp Andradóttir, leikskólakennari á Birkiholti hefur verið ráðin sem deildarstjóri Greniholts.

Í kjölfarið á þessum breytingum fóru deildarstjórar í Pálmholtshúsnæðinu í lausnaleit, til að leita leiða til að stilla hverri deild upp eins og best verður á kosið, með tillit til menntunar og starfsreynslu starfsmanna. H. Katla Guðmundsdóttir mun færa sig af Furuholti á Greniholt. Anna María Hjálmarsdóttir, mun færa sig af Birkiholti á Furuholt.

## 5. Fyrri umferð fjárhagsáætlunar Akureyrar. Ekki gert ráð fyrir að byggja nýtt Lundarsel.

Það er ekki á dagskrá að byggja nýja byggingu fyrir Lundarsel-Pálmholt á Lundarskólalóðinni næstu fjögur árin samkvæmt fjárhagsáætlun Akureyrar.

Tölverð vinna hefur átt sér stað síðustu ár um uppbygginguna og því eru það mikil vonbrigði að óvíst er hvenær farið verður í byggingu á leiksskólanum.

Einnig vakti það athygli ráðsins að 0 kr eru settar í stærri endurbætur leikskóla á Akureyri 2023 og 2024. Það er því mat ráðsins að það sé verið að ganga fram hjá þörfum leiksskólabarna á Akureyri í þessari fjárhagsáætlun.

Andrea Ösp ætlar að setja sig í samband annara foreldraráða á Akureyri og kanna hug þeirra varðandi þessa fjárhagsáætlun.

## 6. Önnur mál

Það kom fram athugasemd við að það væru ekki lengur þurrskápur í Lundardeild og að hólfín þar væru of lítil.

Leiksskólarnir eru hættir að veita þá þjónustu að vera með þurrskápur og því þurfa börnin að vera með tvö sett af útifötum. Það er enginn leikskóli með þurrskápur lengur á Akureyri og víðar á landinu. Þurrskápurkosta 120.000 stykkið og eru því þungir í kaupum fyrir leikskólann, auk þess að eyða rafmagni. Þurrskápur geta þar að auki eingöngu þurrkað hluta af vettlingum, sokkum og húfum barnanna.

Björg og Helga ætla að skoða hvort hægt sé að gera eitthvað í sambandi við ofn í Lunda og einnig hvort eitthvað sé hægt að gera varðandi stærð hólfanna.

Annað ekki rætt.

*Fundi slitið klukkan 16.10*